

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á skipulagsskilmálum í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skipulagsskilmálum deiliskipulags Hraunsholts í Ásum í Garðabæ. Í breytingunni felst að felld er niður setning í skipulagsskilmálum, grein 2.19 *Fjölbýlishús F-1*, þar sem fjallað er um fjölda íbúða á hæð. Breytingartillagan nær einungis til skilmálanna og hefur ekki í för með sér breytingu á samþykktum skipulagsupprætti. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á skipulagi við Klettás 1-5.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Klettás 1-5 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar í SA horni lóðarinnar og íbúðum verður fjölgað úr þremur í fjórar. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á skipulagi við Kjarrás 9.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Kjarrás 9 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar lítillega til austurs. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á skipulagi við Smáraflöt 44.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Smáraflöt 44 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður og að nýtingarhlutfall má verða allt að 0,28. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi við Háhæð 1-3.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Háhæð 1-3 í Garðabæ. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall á lóðinni í heild má vera allt að 0,4. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 29. maí 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.